



## Fundargerð

327. fundur fræðsluráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Skólavegi 1

25. október 2019, kl. 08:15

Viðstaddir: Valgerður Björk Pálsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Andri Örn Víðisson, Íris Ósk Kristjánsdóttir.

Bryndís Björg Guðmundsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Silja Konráðsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Anita Engley Guðbergisdóttir fulltrúi FFGÍR, Hanna Málmfríður Harðardóttir fulltrúi leikskólastjóra, Anna Lydía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Sérhæfð námsúrræði (2019100366)

Áskorun frá foreldrum barns sem lýsa yfir áhyggjum af skorti á sérhæfðum námsúrræðum og skora á fræðsluráð og yfirvöld í Reykjaneshæ að bæta þar úr.

Kolfinna Njálisdóttir, deildarstjóri sérfræðipjónustu fræðsluviðs, mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála varðandi sérhæfð námsúrræði í skólum Reykjaneshæjar.

Fræðsluráð þakkar fyrir áskorunina um að opna annað sérhæft námsúrræði. Stefna Reykjaneshæjar til framtíðar er að efla sérhæfð námsúrræði í hverjum skóla fyrir sig þannig að nemandi geti sótt sinn hverfisskóla og tilheyrt skólasamfélagi í nærumhverfi sínu, ásamt því að fá þá þjónustu sem hann þarf.

Á síðustu tveimur árum hefur verið markvisst unnið að því að fjölga nemendaplássum í sérhæfðum námsúrræðum og má taka stækkun Asparinnar sem dæmi. Einnig hefur Reykjaneshæjar aukið fræðslu til starfsfólks skóla um gagnreyndar kennsluáferðir til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda.

### 2. Starfsáætlanir grunnskóla 2019 - 2020 (2019100302)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi lagði fram starfsáætlanir grunnskóla Reykjaneshæjar fyrir skólaárið 2019 – 2020.

Fræðsluráð staðfestir starfsáætlanirnar.

755 10R 12P  
ASU BOP



### 3. Starfsáætlanir leikskóla 2019 - 2020 (2019100343)

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi lagði fram starfsáætlanir leikskóla Reykjanesbæjar fyrir skólaárið 2019 - 2020.

Fræðsluráð staðfestir starfsáætlanirnar.

### 4. Fjölgun nemenda í Akurskóla og úrræði haustið 2020 (2019080706)

Erindi frá Sigurbjörgu Róbertsdóttur, skólastjóra Akurskóla, varðandi mikla fjölgun nemenda í 6. – 10. bekk var lagt fram á fundi fræðsluráðs 30. ágúst sl. og var sviðsstjóra fræðslusviðs falið að vinna málið áfram.

Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðslusviðs, greindi frá því að frá og með haustinu 2020 er ráðgert að taka inn börn á aldrinum 18 mánaða til 15 ára í Stapaskóla.

Fræðsluráð samþykkir þessi áform fyrir sitt leyti.

### 5. Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist barna (2019100009)

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lagt fram.

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðslusviðs að setja reglur um tvöfalda skólavist barna og leggja fyrir fræðsluráð til samþykktar.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10.

Bjarni Páll Jónsson

Dr. atn

Valgerður Björk Pálsdóttir

Krus Ósk Kristjánsdóttir

Johanna Björk Sigurbjörnsdóttir